

Vaxtarsamningur Eyjafjarðar 2012-2013

Verklagsreglur

Verklagsreglur stjórnar Vaxtarsamnings Eyjafjarðar (Vaxey) og framkvæmdaaðila (AFE) grundvallast á samningnum sjálfum ásamt viðaukum hans. Eftirfarandi viðmið skýra nánar áherslur og framkvæmd samningsins, en einnig er stuðst við sérstakt matsblað þegar umsóknir eru metnar.

Verkefnaval

1. Starfssvæði verkefna

Starfssvæði Vaxtarsamning Eyjafjarðar samanstendur af eftirfarandi sveitarfélögum: Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur og Hörgársveit. Við val á verkefnum Vaxey skal hafa það til grundvallar að aðalumsækjandi eigi lögheimili á starfssvæði Vaxey og að meginþungi þeirrar starfsemi sem verkefnið felur í sér sé einnig á starfssvæði Vaxey. Samstarfsaðilar í verkefnum geta verið staðsettir utan umrædds svæðis, en uppbygging, störf og ágóði verkefnisins til framtíðar sé ætlað að eiga sér stað á starfssvæði Vaxey.

2. Umfang verkefna og atvinnusköpun

Áhersla skal lögð á veigameiri samvinnuverkefni sem hafa það markmið að efla nýsköpun og þróun í atvinnulífi svæðisins. Miðað skal við að verkefni leiði til varanlegra starfa.

3. Eðli samstarfs í verkefnum

Samkvæmt 9. gr. samningsins skal lágmarks fjöldi aðila í hverju verkefnisteymi vera þrír. Í verkefnisumsókn skal koma fram með skýrum hætti framlag hvers samstarfsaðila í verkefnið og hver þeirra ávinningur sé af þátttöku í verkefninu. Séu ofangreind atriði ekki skýr í umsókn, uppfyllir verkefnið ekki skilyrði um samstarf og ber verkefnisstjóra og stjórn að meðhöndla umsóknir samkvæmt því.

4. Viðfangsefni

Öll verkefni sem hljóta stuðning skulu falla að markmiðum vaxtarsamningsins (sbr. 2. gr. samningsins). Þriðja grein samningsins skilgreinir ennfremur fjögur áherslusvið. Það er verkefnum til framdráttar ef þau falla innan þessa áherslusviða, en verkefnisumsóknir sem falla utan áherslusviða eru einnig teknar til umfjöllunar.

5. Viðmið um hlutfall opinberar fjármögnunar (aðrir styrkir)

Umsækjendum er skylt að greina frá öðrum styrkjum sem viðkomandi verkefni hefur fengið. Ef verkefni hefur áður hlotið aðra styrki af opinberu fé, miðar stjórn Vaxey við að styrkur geti ekki orðið hærrí en svo að heildarhlutfall opinberra styrkja haldist innan við 50%. Opinberir styrkir taka til styrkja frá ríki, sveitarfélögum, ríkisstofnunum og stofnun sveitarfélaga eða samtaka sveitarfélaga, en ekki til erlendra þróunarstyrkja.

Ef í ljós kemur að handhafi styrkloforðs hefur ekki greint frá öðrum styrkjum í umsókn sinni til Vaxey, getur stjórn Vaxey mögulega afturkallað styrkloforð eða endurskoðað upphæð þess.

Hafi styrkur þegar verið greiddur og í ljós kemur að forsendur útgreiðslu eru ekki réttar er styrkur afturkræfur.

Úthlutanir

6. Tímarammi, móttaka umsókna og kynningarstarf

Umsóknareyðublað skal vera aðgengilegt á heimasíðu AFE með skýrum leiðbeiningum um útfyllingu umsókna og vísun í samninginn sjálfan. Umsækjendur skulu skila umsóknum og fylgigögnum á rafrænu formi, ásamt staðfestingum um vilja til þátttöku frá meðumsækjendum verkefnisins.

Tekið er við umsóknum hvenær sem er ársins. Á árinu 2013 er stefnt að því að umsóknir verði afgreiddar á stjórnarfundum sem hér segir: *7. feb., 16. maí og 10. okt.*, að því gefnu að einhverjar umsóknir liggja fyrir og að fjármunir séu fyrir hendi til ráðstöfunar.

Koma skal fram á heimasíðu AFE hvenær umsóknir verði teknar fyrir næst (dagsetning næsta stjórnarfundar). Upplýsingar um hvenær umsóknir þurfi að berast til að vera teknar fyrir á tilteknum stjórnarfundum skulu einnig settar inn á heimasíðu AFE, en miðað skal við að sú dagsetning sé 14-18 dögum fyrir stjórnarfund.

AFE hefur með höndum kynningarstarf fyrir Vaxey og skal gera sérstakt kynningarátak skv. Eftirfarandi tímaáætlun: 2012: 1) maí, 2) sept. 2013 1) jan., 2) apríl, 3) sept.

7. Mat og afgreiðsla umsókna

Samkvæmt 6. gr. samningsins vinnur AFE úr styrkumsóknum og gerir tillögu að styrkhæfum verkefnum og ber undir stjórn Vaxey á stjórnarfundum hennar. Séu einhver atriði umsókna óljós er verkefnisstjóra heimilt að kalla eftir frekari upplýsingum frá umsækjendum. Mat AFE byggir á viðmiðum um mat á verkefnaumsóknum sbr. viðauka samningsins nr. 3. AFE notast við þar til gert matsblað þar sem fram kemur samantekt um verkefnið, úttekt matsþátta og tillaga um afgreiðslu (sjá fylgiskjal með þessum verklagsreglum).

Fyrir hvern stjórnarfund vistar verkefnisstjóri AFE umsóknagögn og matsblöð inn á sérstakt læst vefsvæði þar sem stjórnarmenn hafa aðgang gögnunum. Þar skal ennfremur vista heildartillögugerð fyrir hvern fund. Miðað skal við stjórn Vaxey hafi um viku til að kynna sér umrædd gögn fyrir hvern fund.

Verkefnisstjóri AFE tilkynnir öllum umsækjendum um afgreiðslu umsókna um leið og stjórnarmenn hafa samþykkt fundargerð viðkomandi fundar.

8. Eftirfylgni verkefni og greiðslur styrkja

Þegar verkefni hefur verið samþykkt skal gerður skriflegur samningur milli forsvarsmanns verkefnisins og Vaxey innan sex vikna. Í samningunum skal koma fram upplýsingar um framlög og skyldur aðila, einnig er sett fram tímasett verkáætlun og skýr árangursviðmið sem og greiðsluáætlun. Heimilt er að skipta styrkupp hæð í 2-3 greiðslur sem miða skal við lok skilgreinda áfanga verkefnisins. Framlög má ekki greiða fyrirfram.

9. Verkefni sem ekki hefjast eða stöðvast

Ef samþykkt verkefni hefst ekki innan 3 mánaða frá upphafsdegi samþykktar verkáætlunar (fylgiskjal samnings), færast úthlutaðir fjármunir verkefnisins aftur í pott Vaxey og koma þá til úthlutunar í síðari úthlutunum Vaxey. Stjórn er heimilt að samþykkja breytingar á verkáætlun liggja fyrir vandaður rökstuðningur. Sama gildir ef verkefni, sem komið er af stað, stöðvast eða dregst mjög á langinn, og/eða fyrir liggur að því ljúki ekki með þeim hætti sem kveðið er á um í samningi Vaxey og umsóknaraðila. Þá færast það sem ógreitt er af úthlutuðum fjármunum Vaxey til verkefnisins aftur til Vaxey og kemur þá til úthlutunar síðar. Stjórn og verkefnisstjóri taka ákvörðun um það hverju sinni hvenær þessum fjármunum skal endurúthlutað.

Ef verkefnisteymi leysist upp á verkefnistíma, skulu þeir aðilar sem hverfa frá verkefninu gefa skriflega yfirlýsingu til verkefnisstjóra Vaxey um að sátt sé um að eftirstöðvum styrkloforða verði eftir eftir sem áður veitt til verkefnisins?

10. Stjórnarfundir og fundarsköp

Stjórnarfundir skulu haldnir samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Á árinu 2013 er stefnt að því að umsóknir verði afgreiddar á stjórnarfundum sem hér segir: *7. feb., 16. maí og 10. okt.* að því gefnu að einhverjar umsóknir eða önnur mál liggi fyrir og að fjármunir séu fyrir hendi til ráðstöfunar.

Verkefnisstjóri AFE undirbýr fundi stjórnar í samráði við stjórnarformann og sendir út dagskrá með að lágmarki sólarhrings fyrirvara. Heimilt að taka mál til meðferðar þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver stjórnarmaður óskar þess.

Fundur er lögmætur ef a.m.k. fjórir af fimm stjórnarmönnum sækja fundinn. Stjórn Vaxey getur ekki afgreitt styrkumsóknir eða önnur mál nema fundur sé lögmætur.

Við ákvarðanir stjórnar (styrkveitingar) skal einfaldur meirihluti hæfra stjórnarmanna ráða.

Formaður stjórnar stýrir fundum. Stjórn skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Fundargerð skal færð í tölvu og send rafrænt til fundarmanna samdægurs. Fundargerð skal innihalda eftirfarandi efnisþætti:

- a) Fundartíma og fundarstað,
- b) nöfn stjórnarmanna sem sækja fundinn og þeirra sem eru forfallaðir,
- c) nöfn starfsmanna AFE sem sækja fundinn,
- d) heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir (dagskrá),
- e) greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- f) bókanir og/eða afgreiðslur stjórnarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við ... og
- g) ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Stjórnarmenn skulu bregðast við útsendri fundargerð með tölvupósti innan 2 virkra daga, ef ekki heyrir frá þeim þeim innan þeirra tímamarka telst fundargerð samþykkt af þeirra hálfu.

Fundargerðir stjórnar Vaxey eru vistaðar inn á vefsvæði Vaxey á heimasíðu AFE.

Stjórnarmönnum er skylt að sækja alla fundi stjórnar AFE nema verðug forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sjái stjórnarmaður framá forföll skal tilkynna þau til verkefnisstjóra AFE með eins miklum fyrirvara og framast er unnt.

11. Hæfi og þagnarskylda

5. gr. samningsins fjallar um hæfi stjórnarmanna en við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Stjórnarmenn Vaxey og starfsmenn AFE skulu ennfremur gæta þagnarskyldu um það, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að stjórnarmenn og starfsmenn láta af störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra þá er mögulega væru kallaðir inn á fundi Vaxey.

12. Breytingar á verklagsreglum

Breytingar á verklagsreglum skulu teknar fyrir á stjórnarfundum eftir þörfum.

Vaxtarsamningur Eyjafjarðar – Matsblað umsókna

Heiti verkefnis					Nr. Umsókn		Aðrir opinberir styrkir	Uphæð
Markmið verkefnisins					Sótt upphæð (þ.kr.) og %			
Umsækjandi					Verkefnistími			
Verkefnisstjóri					Fjöldi í verkefnisteymi			
	0	10	15	20	25			Stig
1-2. Lýsing og viðskiptalegar forsendur	Lýsingu og forsendum töluvert ábótavant, óraunhæfar væntingar til verðmætasköpunar.	Lýsing og forsendur nokkuð óljósar, væntingar til verðmætasköpunar ekki rökstuddar á fullnægjandi hátt.	Lýsing og forsendur nokkuð skýrar, væntingar til verðmætasköpunar bjartsýnar.	Lýsing og forsendur í lagi, að mestu raunhæfar væntingar til verðmætasköpunar, arðsemi þó ótrygg eða óljós.	Lýsing og forsendur vel unnar, trúverðugar væntingar til verðmætasköpunar, líkur á að verkefni verði arðsamt.			
3. Atvinnusköpun	Engin eða tímabundin störf	1-2 störf	3-5 störf	6-9 störf	10 eða fleiri störf			
4. Hve fljótt verða störfin til	Óljóst	Meira en 1 ár	12-7 mánuðir	6-4 mánuðir	3 mánuðir eða minna			
5. Kostnaðaráætlun og verkþættir	Ótrúverðug kostnaðaráætlun og verkþættir óljósir.	Kostnaðaráætlun frekar ótrúverðug og verkþættir skýrir en óraunhæfir.	Kostnaðaráætlun trúverðug og verkþættir skýrir en frekar óraunhæfir.	Kostnaðaráætlun trúverðug verkþættir skýrir og raunhæfir.	Kostnaðaráætlun mjög trúverðug og verkþættir mjög skýrir og raunhæfir.			
6. Heildarfjármögnun	Ekki frágengin.	Frágengin en frekar ótrúverðug.	Frágengin og frekar trúverðug	Frágengin og trúverðug	Frágengin og mjög trúverðug.			
7. Samstarf og aðkoma háskóla- og rannsóknastofnana	Fullnægjandi fjöldi aðila kemur að verkefninu.	Hlutverk og ávinningur aðila verkefnisins er nokkuð skýr. Ávinningur ólíkra aðila mismikill.	Hlutverk eru skýr og aðilarnir hafa allir ótvíræðan ávinning af verkefninu.	Verkefnisteymið er skipað fjölbreyttum aðilum. Hlutverk eru skýr og aðilarnir hafa allir ótvíræðan ávinning af verkefninu til framtíðar.	Verkefnisteymið er skipað fjölbreyttum aðilum þar með talið rannsóknna- og/eða háskólastofnunum. Hlutverk eru skýr og aðilarnir hafa allir ótvíræðan ávinning af verkefninu til framtíðar.			
8. Nýnæmi	Engin nýjung eða nýsköpun kemur fram í verkefninu, vara eða þjónusta er þekkt á viðkomandi markaði (innan svæðis).	Nýjungin felst í minniháttar þróun eða viðbót við þekktu vöru eða þjónustu.	Nýjung sem kemur til móts við þekktu þörf á svæðisbundnum markaði. Varan/þjónustan kann að vera í boði ef litið er til innanlandsmarkaðar í heild.	Varan eða þjónustan er óþekkt á innanlandsmarkaði og veruleg framþróun á því sem þekkt er. OG/EÐA nýjungin felst í verulega nýstárlegum aðferðum við framleiðslu á þekktri vöru.	Varan eða þjónustan er óþekkt á markaði og veruleg framþróun á því sem þekkt er. Ótvírætt útflutningstækifæri.			

9. Samkeppnissjórnarmið	Óbein samkeppni við hliðstæða vöru eða þjónustu innan svæðis.	Óveruleg samkeppni innan svæðis. Óbein samkeppni við hliðstæða vöru eða þjónustu á innanlandsmarkaði.	Óveruleg samkeppni á innanlandsmarkaði og lausnin er töluvert frábrugðin öðru sem fyrir er.	Einhver samkeppni við innlenda aðila, en verkefnið snýst eingöngu um sókn á erlendan markað.	Engin samkeppni við innlenda aðila.		
10. Mælikvarðar og framtíðarþróun	Lýsing mælikvarða mjög óljós og litlar upplýsingar gefnar um frekari þróun.	Skilgreining mælikvarða nokkuð óljós, þróunarstaða óviss eftir að stuðningi lýkur.	Skilgreining mælikvarða í lagi, en þróunarstaða óljós eftir að stuðningi lýkur.	Skilgreining mælikvarða í góðu lagi en framhaldsþróun nauðsynleg.	Skilgreining mælikvarða mjög skýr, áform um framhaldið trúverðug. Líklegt að verkefnið verði sjálfbært að styrktímabili loknu.		
11. Hæfni umsækjenda	Óljós eða óbein tengsl bakgrunns umsækjenda og þarfa verkefnisins.	Reynsla og/eða þekking á viðfangsefninu til staðar, en rekstrarþekking takmörkuð.	Reynsla og/eða þekking á viðfangsefninu til staðar, nokkur reynsla af rekstri.	Víðeigandi þekking og reynsla til staðar, umtalsverð rekstrar- og stjórnunarreynsla.	Mjög haldgóð þekking og reynsla til staðar, mikil reynsla af rekstri og stjórnun og framkvæmd verkefna.		

Umsögn um verkefnið / hvornig fellur verkefnið að meginmarkmiðum Vaxey? /annað:	Tillaga að afgreiðslu	Samtals stig	0
Lýsing á verkefninu	Samstarfsaðilar		